

Leiðbeiningar við skráningu iðjubjálfa í CPEF

Við fyrstu skráningu er spurningum þar sem stendur „frá síðasta mati ” svarað með tilliti til ástands s.l. hálfis árs.

FLOKKUN Á TJÁSKIPTUM í samræmi við CFCS I – V

Merkið í viðeigandi reit þann flokk sem barnið tilheyrir í samræmi við leiðbeiningar sem fylgja. Merkið við eina eða fleiri tjáskiptaleiðir sem upp eru gefnar. Leiðbeiningar er hægt að nálgast á heimasíðu CFCS www.cfcs.us og á heimasíðu CPUP www.cpup.se. Flokkunin er gerð af/eða í samráði við talmeinafræðing eða forráðamann og þjálfara barnsins.

CFCS mun færast yfir í skráningablað talmeinafræðinga. Skráning iðjubjálfa 2021 verður óbreytt.

FLOKKUN Á GETU TIL AÐ BORÐA OG DREKKA í samræmi við EDACS I – V

Merkið í viðeigandi reit eftir því hvað lýsir best getu barnsins samkvæmt EDACS leiðbeiningum. Merkið einnig við þörf fyrir aðstoð. Hægt er að nálgast EDACS leiðbeiningar á heimasíðu CPUP (www.cpup.se). Æskilegast er að talmeinafræðingur sjái um flokkunina eða að hún sé gerð í samráði við talmeinafræðing.

EDACS mun færast yfir í skráningablað talmeinafræðinga.

FLOKKUN Á FÆRNI BARNNA VIÐ AÐ HANDLEIKA HLUTI VIÐ DAGLEGA IÐJU í samræmi við MACS I-V (Fímhreyfifærnisflokkun)

Merkið í viðeigandi reit þann flokk sem barnið tilheyrir í samræmi við leiðbeiningar sem fylgja (sjá íslenska þýðingu Gerðar Gústavsdóttur og Valrósar Sigurbjörnsdóttur). Hægt er að nálgast leiðbeiningar á heimasíðu MACS flokkunarkerfisins www.macs.nu.

Börn yngri en fjögurra ára skal flokka í samræmi við Mini- MACS. ATH! Það er geta barna til að fást við aldurssvarandi viðfangsefni sem er flokkuð.

Ef reynist erfitt að flokka eftir MACS þarf að meta og lýsa eðli vandans og skrá í athugasemdir.

FÍNHREYFIFÆRNIFLOKKUN í samræmi við HOUSE 0-8

Grip hvorrar handar fyrir sig er metið með því að fylgjast með athöfnum þar sem krafist er notkunar beggja handa, sjá dæmi um athafnir á bls. 3 í leiðbeiningarhefti. Flokka skal báðar hendur þó barnið geti ekki samhæft hendur. Ákveðið fyrst hvaða **hópur** lýsir best hæfni barnsins til að nota höndina; Notar ekki höndina, Óvirk hönd, Virk hönd eða Notar hönd á virkan hátt/handfjatlar. Gefið síðan upp þann **færniflokk** sem lýsir því best hvernig barnið heldur að jafnaði á hlutum. Ef vafi leikur á er lægri flokkur valinn.

Flokkunin tekur mið af aldurssvarandi fínhyreyfifærni.

Áreiðanleiki í mælingum milli þjálfara hefur sýnt sig að vera ófullnægjandi þegar flokkað er í færniflokkana 9. Áreiðanleikinn er hins vegar góður þegar flokkað er í hópana 4. Það er enn flokkað eftir færniflokkunum 9 en mælt er með að draga fram hópana 4 þegar niðurstöður eru kynntar.

<u>Hópur</u>	<u>Færniflokkun</u>		<u>Lýsing</u>
1. Notar ekki höndina	0	<i>Does not use</i>	Engin viljastýrð snerting við hlutinn
2. Óvirk hönd	1	<i>Stabilizes without grasp</i>	Notar höndina/handlegginn án þess að nota grip , t.d. til að styðja við, þrýsta eða ýta á hlut
	2	<i>Fair passive grasp</i>	Heldur um hlut sem settur er í höndina með óstöðugu gripi. Barnið sjálf eða einhver annar setur hlutinn í höndina.
	3	<i>Good passive grasp</i>	Heldur hlut sem settur er í höndina (sjá ofanskráð) og heldur með stöðugu gripi.
3. Virk hönd	4	<i>Poor active grasp</i>	Grípur sjálf um hlut og heldur með óstöðugu gripi.
	5	<i>Fair active grasp</i>	Grípur sjálf um hlut og heldur með stöðugu gripi.
	6	<i>Good active grasp</i>	Grípur sjálf um hlut og heldur með stöðugu gripi. Breytir oft um stöðu hlutarins með aðstoð hinnar handarinnar eða annars stuðnings.
4. Notar hönd á virkan hátt / handfjatlar	7	<i>Reduced dexterity</i>	Notar höndina með góðu gripi en með takmarkaðri nákvæmni (ónákvæmni) og klunnalegum hreyfingum.
	8	<i>No limitation</i>	Engar takmarkanir.

Heimildir: House J H, et al. A Dynamic Approach to the Thumb-in-Palm Deformity in Cerebral Palsy. *The Journal of Bone and Joint Surgery*, 1981; 63-A; 2: 216-225. Modifíerad av nationella arbetsgruppen cpup-at 2009. Budja och Markovska, Handfunktionsklassifikation enligt House – en prövning av interbedömarreliabilitet och innehållsvaliditet. Kandidatuppsats Arbetsterapeututbildningen Lund 2005.

SAMBEITING HANDA

Metið er hvort barnið noti sjálfkrafa báðar hendur í athöfnum sem krefjast þess.

Dæmi um athafnir sem hægt er að fylgjast með barninu í:

- Þræða perlur á band. Mismunandi útfærslur: stóra kúlar á tréstöng, litlar kúlar á band.
- Skipta trölladeigi með hníf og gaffli.
- Fletja út leir/deig.
- Leikfang með bandi sem dregið er út til að virkja hljóð/titring.
- Setja á sig húfu, hatt, hálsmen, fara í vettlinga eða sokka.
- Blása sápukúlar.
- Draga tannburstahylki í sundur. Mögulegt að setja eitthvað spennandi ofan í.
- Þeyta vatn og uppþvottaefni/sápukúluvatn í skál.
- Kasta og grípa stóran bolta/blöðru.
- Halda á/lyfta upp hlutum í bala/ bakka með tveimur handtökum.
- Taka af og setja lok á tússpenna.
- Taka í sundur og setja saman rússneska "babúsku" brúðu.
- Setja smáhluti í glerkrús með skrúfuðu loki, skrúfa lokið af og ná upp innihaldinu.
- Skrúfa rær á og af þykkum bolta.
- Rífa silkipappír og krumpa saman.
- Hneppa tölum/hnöppum frá og að.
- Opna peningaveski með riflás/rennilás, taka peninga úr og setja í aftur.
- Renna rennilás upp og niður.
- Setja tannkrem á tannbursta úr tannkremstúbu með skrúfuðu loki.
- Spila á spil.
- Byggja úr Duplo, Lego eða svipuðum kubbum.

ÓVIRKIR HREYFIFERLAR Í EFRI ÚTLIMUM

Merkið við hvort barnið situr eða liggur þegar matið er framkvæmt. Ef því verður við komið er mælt með að hreyfiferillinn sé skoðaður í **sitjandi stöðu**, fyrir utan út- og innsnúning (ut- og inrotation) í öxl sem er metinn í **liggjandi stöðu** skv. heimildum frá Norkin, C.C, och White D.J (1985). Skráið í reitina hvort hreyfiferlar axlarinnar eru metnir í liggjandi eða sitjandi stöðu.

Óvirkur (passive) hreyfiferill er metinn með liðmæli (goniometer). Rétthverfing (supination) og ranghverfing (pronation) í framhandlegg er líka hægt að meta með svokölluðum. „Prosupinator“. Í því tilfalli ber að geta þess í athugasemdadálkinum og nota sömu upphafsstöður. Athugið að mæla alltaf á sama hátt.

Uppgefin viðmiðunargildi miðast við fulla hreyfigetu.

Þegar hreyfiferlar mælast innan viðmiðunarmarka (græn gildi) er tekið fram hvort mótstaða sé til staðar. Mótstaða á grænu gildi getur verið fyrsta vísbending um byrjandi vöðvastyttingar sem þarf að vera vakandi fyrir. Á gulu og rauðu gildi er alltaf mótstaða sem óþarfi er að skrá.

Athugið! Athugasemdir má setja inn í gagnagrunninn fyrir klíniska vinnu og fylgir persónulegri skýrslu hvers og eins en mun ekki verða unnið úr tölfræðilega. Takmarkað pláss er fyrir innslátt, skrifið því hnitmiðað.

ÖXL

Hreyfing	Upphafsstaða	Óhreyfanlegur armur	Hreyfanlegur armur
Fráfærsla (abduktion)	Upphandleggur liggur að brjóstkassa, útsnúningur (utrotation) í öxl og olnbogi beinn	Samsíða hryggsúlu (columna)	Lagður aftanvert (dorsalt), samsíða upphandlegg (humerus)
Beygja (flexion)	Eins og að ofan en framhandleggur er í miðstöðu	Eins og að ofan	Lagður hliðlægt (lateralt), samsíða upphandlegg (humerus)
Útsnúningur (útrótation)	Öxl er í 90° fráfærslu (abduktion), olnbogi í 90° beygju (flexion) og framhandleggur ranghverfður (í pronation)	Í lóðréttri framlengingu af ölninni (ulna)	Samsíða ölninni (ulna) sem ásinn fylgir í hreyfingunni
Innsnúningur (innrotation)	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Eins og að ofan

Heimildir: *The American Society of Hand Therapists. Clinical Assessment Recommendations. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.* *Norkin, C.C. & White, D.J Measurement of Joint Motion. Ed 2. Philadelphia: F.A. Davis, 1985.*



Fráfærsla



Beygja



Innsnúningur




Útsnúningur

OLNBOGI

Hreyfing	Upphafsstaða	Óhreyfanlegur ás	Hreyfanlegur ás
Rétta (extension)	Öxl í aðfærslu (adduction) framhandleggur rétthverfur (sup)	Lagður hliðlægt (lat), samsíða upphandlegg (humerus)	Lagður hliðlægt (lat), samsíða geislabeini (radius)
Beygja (flexion)	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Eins og að ofan

Beinn olnbogi = 0°. Ef vantar upp á fulla réttu eru gildin gefin upp sem – (mínus) X°

Heimildir: *American Society of Hand Therapists. Clinical Assessment Recommendations. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.*



Olnbogarétta



Olnbogabeygja


FRAMHANDLEGGUR

Hreyfing	Upphafsstaða	Óhreyfanlegur ás	Hreyfanlegur ás
Réttthverfing (supination)	Öxl í aðfærslu (adduktion), með upphandlegg skorðaðan að brjótíkassa og olnbogi í 90°	Lagður hliðlægt (lat), samsíða upphandlegg (humerus)	Lagður í lófann (volart) yfir úlnlið
Ranghverfing (pronation)	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Lagður á handarbakið (dorsalt) yfir úlnlið

Heimildir: American Society of Hand Therapists. Clinical Assessment Recommendations. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.




Réttthverfing



Ranghverfing

Virki réttthverfing (supination) er mæld með liðmæli (goniometer), barnið er sjálft beðið um að snúa lófanum upp. Ef það er ekki hægt, reyndu að áætla virka réttthverfingu (supination) og skráið á kvarðann hvar hreyfingin byrjar og hvar henni lýkur. Athugið að virki réttthverfing (aktive supination) byrjar við - 90° það er frá fullri ranghverfingu (pronation). Virki réttthverfing (supination) er til staðar þó að hún nái ekki 0 gráðum. Gildin eru þá skráð sem mínusgildi.



Sé ekki um neina virka réttthverfingu (supination) að ræða, þarf að merkja í viðeigandi reit.


ÚLNLIÐUR

Hreyfing	Upphafsstaða	Óhreyfanlegur ás	Hreyfanlegur ás
Rétta (extension) með beygða finger*	Framhandleggur í ranghverfri (pronation) stöðu	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða geislabeini framhandleggs (radius)	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða V. miðhandarbeini (metacarpale V)
Rétta (extension) með beina finger þar til fingurnir byrja að beygjast**			
Full rétta með beina finger			
Beygja (flexion)	Eins og að ofan	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða geislabeini framhandleggs (radius)	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða V. miðhandarbeini (metacarpale V)
Ulnardeviation	Framhandleggur ranghverfur (pronation) með úlnlið í miðstöðu	Lagður á handarbak (dorsalt), samsíða miðlínu framhandleggs	Lagður samsíða miðlínu á III. miðhandarbein (metacarpale III)
Radialdeviation	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Eins og að ofan


Beinn úlnliður = 0°. Skortur á fullri réttu (Extensions defekt) er gefinn upp sem – (minus) X°

Heimildir:

American Society of Hand Therapists. Clinical Assessment Recommendations. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992. Norkin, C.C. & White, D.J Measurement of Joint Motion. Ed 2, Philadelphia: F.A. Davis, 1985.



Rétta með bogna finger



Full rétta með beina finger



Úlnliðsbeygja (flexion)

(Það vantar mynd sem sýnir réttu með beina finger þar til fingurnir byrja að beygjast, sjá mynd í rafrænum leiðbeiningum (interaktiv manual) á heimasíðu CPUP).



Ulnardeviation



Radialdeviation

*Þrýstið jafnt á handarbeinin (metacarpalbeinin) þegar rétta í úlnlið er mæld.

**Þessi mæling gefur vísbendingar um hvort löngu beygjuvöðvarnir séu byrjaðir að stytast. Ef fingurnir bogna áður en fullri réttu er náð er það merki um að vöðvastytting sé til staðar.

ÞUMALL

Færið þumal (passive) frá lófa (volarabduktion) og skráið hvort um mótstöðu og/eða merki um verki sé að ræða.

Þumall – tillaga að nýrri mælingu á þumli er í viðauka í þessum leiðbeiningum. Fyrri flokkun á þumli í samræmi við HOUSE er tekin út vegna ófullnægjandi áreiðanleika í mælingum á milli þjálfara. Nýja tillagan verður prófuð 2021. Sjá frekari upplýsingar síðast í þessum leiðbeiningum.

RÉTTA SAMTÍMIS ÚR ÚLNLIÐ OG FINGRUM í samræmi við Zancolli

Þessi flokkun leitast við að meta **getu til að rétta úr fingrum á virkan hátt með úlnliðinn í mismunandi stöðu.**

Þetta krefst virkrar þátttöku, skjólstæðingurinn þarf að reyna að rétta samtímis úr fingrum og úlnlið. Ef til vill er hægt að meta þetta við að hvetja hann til að gefa „háa fimmu“ („high five“) en erfitt getur verið að sjá þetta. Skráð er hvað barnið getur, ekki hvað það gerir oftast.

Ef skjólstæðingur sem flokkast í Hóp 1 getur rétt úr úlnliðnum 20° eða meira er sett X í viðeigandi reit. Þetta þýðir að merkja á bæði í viðeigandi reit og Hóp 1.

Hópur 1 + X

Getur rétt fyllilega úr fingrum með úlnliðinn í 20° réttu (extension) eða meira. Þetta þýðir að skrá á bæði „Hóp 1“ og setja „X“ í viðeigandi reit.

**Hópur 1**

Getur rétt fyllilega úr fingrum með meiri úlnliðsréttu en 20° beygju.

**Hópur 2 A**

Getur rétt fyllilega úr fingrum en einungis með úlnliðinn meira en 20° boginn (flexion) og getur rétt úr úlnliðnum með bogna fingur (flexion).

**Hópur 2 B**

Getur rétt fyllilega úr fingrunum en einungis með úlnliðinn meira en 20° boginn (flexion) en geta ekki rétt sjálf úr úlnliðnum (jafnvel ekki með bogna fingur).

**Hópur 3**

Geta hvorki rétt úr úlnlið né fingrum.



Heimildir: Zancolli, E.A & Zancolli, E.R *Surgical management of the hemiplegic spastic hand in cerebralpalsy, Surg Clin North Am, 1981;61: 395-40*

IÐJUBJÁLFUN

Merkið í viðeigandi reiti þá íhlutun sem barnið hefur fengið frá síðasta mati. Ef það er meira en ár síðan síðasta CPEF eftirfylgni fór fram takið þá aðeins mið af síðasta ári. Um fleiri en einn möguleika getur verið að ræða.

Ef um fleiri en eitt þjálfunartímabil hefur verið að ræða á síðastliðnu ári með samskonar íhlutun er tekið meðaltal af tíðni og tímalengd þjálfunar. Athugasemdir er hægt að skrá undir **Aðrar athugasemdir** aftast í skráningarheftinu.

Möguleiki er á að merkja við fjórar aðferðir handarþjálfunar.

- Handarþjálfun – með handarþjálfun er átt við að iðjubjálfi gerir þjálfunarprógram sem unnið er eftir reglubundið í takmarkaðan tíma.
- Færniþjálfun tengd fínhyfingum – átt er við færniþætti sem tengjast fínhyfingum s.s. að hneppa, reima, skrifa, teikna.
- Með handarþjálfun samkvæmt sérstakri aðferðafræði í takmarkaðan tíma t.d.:
 - Markviss þvinguð notkun handar (lýsing á mismunandi aðferðum, sjá Eliasson o.fl. 2013).
 - Sambeiting handa samkvæmt Habit (Gordon o.fl. 2007) eða handarþjálfun (Hoare o.fl. 2010).

Óhefðbundin meðferð er meðferð sem ekki er notuð alla jafna í endurhæfingu eða á sjúkrahúsi s.s. þjálfun á hestbaki, nálastungur, Petö eða Move and Walk.

Referenser:

Eliasson, A. C., Krumlinde-Sundholm, L., Gordon, A. M., Feys, H., Klingels, K., Aarts, P. B. M., Rameckers, E., Autti-Rämö, I. and Hoare, B. Guidelines for future research in constraint-induced movement therapy for children with unilateral cerebral palsy: an expert consensus. *Developmental Medicine & Child Neurology*. 2013

Hoare BJ, Imms C, Rawicki HB, Carey L. Modified constraint-induced movement therapy or bimanual occupational therapy following injection of Botulinum toxin-A to improve bimanual performance in young children

SPELKUR

Merkið við hvort barnið eigi spelku eða ekki.

Ef barnið á spelku en notar hana ekki er mikilvægt að það sé skráð. Skráið ástæðu þess í athugasemdir.

Skráið hvort nota á spelkuna á virkan hátt (function) eða til að teygja (passive).

Óvirkum spelkum er ætlað að viðhalda eða auka vöðvalengd/hreyfigetu. Þær eru oftast notaðar á nóttunni.

Virkum spelkum er ætlað að styðja við eða auka virka notkun handarinnar við daglega iðju.

Merkið við hvaða liði spelkan hefur áhrif á.

Spelka getur haft áhrif á fleiri en einn lið og ber því að skrá alla möguleika. **Sem dæmi ef handarspelku er ætlað að teygja stutta vöðva yfir nóttina er hægt að merkja við úlnlið, þumal og fingur.**

Skráið eingöngu þær spelkur sem eru **í notkun**.

Skráið hvort spelkur sem notaðar eru til að fyrirbyggja kreppur séu notaðar meira eða minna en 6 tíma á sólarhring.

Takið fram ef notaðar eru aðrar gerðir af spelkum fyrir efri útlími.

AÐGERÐIR EÐA SPRAUTMEÐFERÐ (Botox)**Aðgerð frá síðustu mælingu:**

Merkið Já eða Nei. Dagsetning og tegund aðgerðar er skráð ef mögulegt er.

Sprautumeðferð frá síðustu mælingu:

Merkið Já eða Nei. Skráið dagsetningu og hvaða liði er ætlað að hafa áhrif á. Þar undir má sjá dæmi um vöðva sem sprautað var í.

PEDI

Skráið niðurstöður frá síðasta Pediatric Evaluation of Disability Inventory, Pedi prófi,

AHA

Ef metið hefur verið með AHA (Assisting Hand Assessment) frá síðustu CPEF skráningu er dagsetning, AHA útgáfa (4.4, 5.0, Mini-AHA eða BoHA), heildarniðurstaða og AHA/Mini-AHA/BoHA einingar skráðar (fyrir útgáfu 5).

Viðauki A, mat á þumalfingrum, skráningarblað og leiðbeiningar.

Hluti I og hluti II um mælingar á þumalfingrum eru settir inn til reynslu árið 2018. Þetta er gert þar sem fyrra mat á þumalfingrum í samræmi við HOUSE hefur sýnt sig að hafa ófullnægjandi áreiðanleika milli þjálfara. Meta þarf áreiðanleika nýju tillögunnar um mat á þumalfingrum áður en þær eru settar inn í gagnagrunninn. Þess vegna er hún hér svo hægt sé að prófa hana. Hægt er að skrá niðurstöður í skýrslur en skráist ekki í rafræna gagnagrunninn árið 2021.

Prófið endilega og komið með athugasemdir!

Vinnuhópurinn um skráningarblað iðjuþjálfna vill gjarnan fá athugasemdir um hvernig gekk að nota mælingarnar. Sjá nöfn og netföng í sænska skráningarheftinu.

Pumalfingur, hluti I. Leiðbeiningar við mælingu á fráfærslu þumals (radialabduktion).

Í hluta I er staða þumals metin með virku gripi eða í hvíld. Merkt er við Já, Nei eða Ekki hægt að meta.


Skráið hvort merki eru um inndreginn þumal og hvort yfirréttá í IP eða MCP lið er sýnileg.



Inndreginn þumall



Yfirréttá í IP lið



Yfirréttá í MCP lið



Þumalfingur, hluti II. Leiðbeiningar við mælingu á fráfærslu þumals (radialabduktion) í samræmi við IZA's þumalfingurflokkun.

- Teiknið punkta í samræmi við myndina á MCP, IP og Fossa tabatierre ("snuffbox/tóbakshola").
- Settu höndina flata á borð ef það er mögulegt
- Biðjið skjólstæðinginn að setja þumalinn út í fráfærslustöðu eins langt og mögulegt er (virk hreyfing)
- Færið þumalfingurinn út í fráfærslustöðu eins langt og mögulegt er (óvirk hreyfing)
- Setjið mæliformið með upphafspunkt í Fossa tabatierre ("snuffbox/tóbakshola")
- Leggið aðra hlið mæliformsins í átt að vísifingri að miðju MCP
- Áætlið hornið með hjálp mæliformsins og hafið mæliformið yfir miðju IP- liðs þumals
- Niðurstöður eru skráðar með tölustaf, 1 – 4 fyrir virka hreyfingu og með bókstaf, A-D fyrir óvirka hreyfingu

horn	viðmiðunargildi	virka	óvirka
>45°	grænt	1	A
>30 - 45°	gult	2	B
≤30°	rautt	3	C
Engin fráfærsla	rautt	4	D

- Niðurstöður eru skráðar með bókstaf og tölustaf fyrir hvora hönd t.d. hægri 2A og vinstri 3B
- Ef skjólstæðingurinn getur ekki lagt höndina flata á borðið vegna beygju í úlnlið eða fingrum, metið þá með handlegginn á lofti og úlnliðinn eins beinan og mögulegt er. Athugið að verið er að meta fráfærslu þumals en ekki aðfærslu.

Fráfærsla þumals hér að neðan er rétt yfir 45°



ATHUGIÐ! Teiknið eftir forminu hér að ofan t.d. á stífa plastfilmu og notið sem mæliform við mat á fráfærslu í samræmi við leiðbeiningar hér að ofan